



Samferðafólk þurfti að flytja konu sem féll í hálfu við Gullfoss og gær að bílastæðinu á börum. Samkvæmt viðstöddum var talið að ferðalangurinn hefði fótbrotnað við byltuna. Göngustigarnir á svæðinu hafa verið afar hálr eftir frost síðustu daga. Ferðamenn sem ætla sér að fara hinn svokallaða Gullna hring í bráð ættu því að passa sig í hálkunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Segir tillögur Svandísar svívirðilegar

Formaður Flokks fólksins er hissa á fyrirhuguðu frumvarpi um að leyfa þungunarrof fram að 22. viku meðgöngu og gildi þá einu hvaða ástæður liggja að baki. Ljósmeður og fæðingarlæknar meðal þeirra sem gefa umsögn og telja rétt að leyfa þungunarrof fram að 22. viku.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta er svo sorglegt að ég trúi hreinlega ekki að verið sé að leggja þetta fram,“ segir Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, um fyrirhugað frumvarp heilbrigðisráðherra um nýja heildarlöggjöf um þungunarrof.

Drög að frumvarpinu voru nýverið til umsagnar í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar. Var þar lagt til að þungunarrof yrði heimilt fram að 18. viku meðgöngu en eftir það eingöngu ef föstur væri „ólífvænlegt“.

Fjöldi umsagna barst, meðal

annars frá ljósmeðrum, kvensjúkdóma- og fæðingarlæknum, og var stór hluti þeirra þess efnis að rétt væri að leyfa þungunarrof fram að 22. viku. Það að föstur þyrfti að vera ólífvænlegt þrengdi mjög sjálfsákvörðunarrétt verðandi mæðra enda gætu ýmsir aðrir þættir, til að mynda félagslegir, haft mikið að segja. Heilbrigðisráðherra tilkynnti síðan í liðinni viku að tillit yrði tekið til umsagnanna. Rof yrði leyft fram að 22. viku meðgöngu og gildi þá einu hvaða ástæður væru þar



Inga Sæland, formaður Flokks fólksins

að baki. Endanlegt frumvarp hefur ekki verið lagt fram.

„Við þekkjum þess dæmi að börn hafi fæðst eftir 21. viku meðgöngu og lifað. Að ætla að leyfa föstureyðingu þegar móðir hefur lokið meira



Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra

en hálfri meðgöngu, bara því henni datt það í hug þá, er svívirðilegt,“ segir Inga.

Hún segir að öðru máli gegni um tilvök ef skimanir leiði í ljós að miklar líkur séu á því að föstur verði

farsjúkt eða látist skömmu eftir fæðingu, heilsu móður sé stefnt í vöða með meðgöngunni eða ef félagslegar aðstæður máli gegn því að ljúka meðgöngunni.

„Ef það verður þannig að heilbrigð móðir með heilbriggt barn getur tekið ákvörðun um að eyða því eftir rúmlega hálfa meðgöngu, þá er það óásættanlegt með öllu. Hún ætti að vera meðvituð um þennan vilja mun fyrr. Öðru gildir ef um líf eða dauða er að tefla,“ segir Inga. –jóe

### Önnur úttektin á þremur árum

**REYKJAVÍK** Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar (IER) skilaði rekstrarúttekt um skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) árið 2015. Sem stendur er unnið að annarri úttekt á starfsemi SEA af sama aðila en að þessu sinni vegna framúrkeyrslu við byggingu braggans við Nauthólsveg 100. Í eldri skýrslunni kemur fram að starfsmenn SEA eigi í „þó nokkrum“ samskiptum við borgarstjóra.

Í skýrslunni eru taldar fram þrjátíu ábendingar um það sem betur mætti fara. Á kjölfar þess að skýrslunni var skilað var skipaður starfshópur til að gera tillögur um úrbætur. „Ég er ekki með nákvæma tölu um það hver stór hluti ábendinganna hefur verið afgreiddur,“ segir Stefán Eiríksson borgarritari.

–jóe / sjá síðu 4

#### Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Guðmundur Steingrímsson skrifar um uppákomu á McDonald's. **11**

**SPORT** Handboltalandsliðið vann stórsigur í Tyrklandi. **14**

**TÍMAMÓT** Mannskæðasti Atlantshafsflibylur ársins 2012 gekk á land á þessum degi í New Jersey í Bandaríkjunum fyrir sex árum. Kostaði 253 lífið og olli milljarðatjóni. **18**

**LÍFIÐ** Eitt svalasta partý ársins var í Gamla bíói á föstudaginn þegar ný fatalína Inklaw var frumsýnd. **24**

**PLÚS 2 SÉRBLÓÐ • FÓLK**  
• FASTEIGNIR

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

### NUTRILENK öflugur liðstyrkur



### Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils

Actavis

#### AFSLÁTTARDAGAR

**-20% SÖFNUNAR - STELL HNÍFAPÖR GLÖS LOKADAGUR**

• **Ílittala -15%**  
**Tekk KRISTALL**

Laugavegi 178 – sími 568 9955

Veður



Sunnan 3-8 og skúrur eða él. Þurrft og bjart veður á Norður- og Austurlandi. Híti 0 til 5 stig. **SJÁ SIÐU 20**

## Dökkar horfur hjá Snapchat

**TÆKNI** Snap, fyrirtækið sem rekur Snapchat, stendur illa vegna sífellt harðnandi samkeppni við Instagram og WhatsApp. Techcrunch greindi frá því í gær að Snap ætti nú eignar að verðmæti 1,4 milljarðar bandaríkjadala og vísaði til þess mats greiningarfyrirtækisins MoffetNathanson að fyrirtækið myndi tapa 1,5 milljörðum á næsta ári. Aður höfðu greinendur spáð því að fyrirtækið hætti að tapa peningum árið 2020, jafnvel 2021, og eru horfur því afar slæmar.



Vegna þessarar samkeppni hefur Snapchat til að mynda tapað þremur milljónum daglegra notenda á síðasta ársfjórðungi. Auk þess nota færri Snap Map en vonir stóðu til og efnisveita Snapchat hefur ekki vakið mikla lukku. – þea

## Stórsigur Einherja



**Stórsigur** Þessar klappstýrur léku listir sínar fyrir áhorfendur þegar Einherjar unnu 50-0 sigur á þýska liðinu Cologne Falcons í amerískum fótbolta um helgina. Næsti leikur Einherja fer fram á Akranesi í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ **+PLÚS** Fleiri myndir frá leik Einherja er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +PLÚS er í Fréttablaðsappinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Gæsluvarðhald og haldlagning

**LÖGREGLUMÁL** Héraðsdómur úrskurðaði fyrir helgi karlmann á sextugsaldri í vikulangt gæsluvarðhald. Lögregla rannsakar meint peningabætti mannsins og krafðist gæsluvarðhalds á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Maðurinn er sagður hafa áður komið við sögu hjá lögreglu. Hann var handtekinn á fimmtudag.



Þá hefur hald verið lagt á verulega fjármuni. Fasteign mannsins var kyrrsett, hald lagt á bankareikninga og ókutæki sem og töluvert magn af lyfseðilsskyldum lyfjum sem lögreglu grunar að hafi verið ætluð til endursölu. Verðmæti eigna og fjármuna sem kyrrsett hafa verið og haldlagðar vegna málsins hleypur á tugum milljóna. – þea

## Vegfarendur komu að líkinu

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á andláti karlmanns sem fannst látinn í tjörn við Tónlistarskólann í Hafnarfirði í gær mun taka sinn tíma. Það sagði Margeir Sveinsson, aðstoðaryfir lögregluþjónn miðlægrar rannsóknardeildar lögreglu, í samtali við Fréttablaðið. Maðurinn sem fannst látinn var á sextugsaldri.

Lik mannsins fannst um hádegisbil en Margeir segir að gangandi vegfarendur hafi komið að því og hringt í Neyðarlínuna. Ekki sé útlit sé fyrir að dauða hans hafi borðið að með saknæmum hætti að svo stöddu en allir þættir verði rannsakðir.

Í kjölfar þess að líkið fannst var stórt svæði í kringum tónlistarskólann og kirkjuna sem þar er girt af og fólki meinaður aðgangur að því. Aðgerðir lögreglu á svæðinu í gær stóðu yfir í um það bil klukkustund. – drb

# Útgefendur séu fullir óhóflegrar bjartsýni

Bókatiðindi koma út um miðjan næsta mánuð en prentaðir titlar eru rúmlega 600. Aukning í útgáfu raf- og hljóðbóka. Bryndis Loftsdóttir hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda segir að óhófleg bjartsýni og ástríða einkenni bókaútgefendur.

**SAMFÉLAG.** „Við erum að leggja loka hönd á þetta og flokka titlana eftir kúnstarinnar reglum svo allir finni sína flokka og bækur með sem skilvirkustum hætti,“ segir Bryndis Loftsdóttir hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda en Bókatiðindi koma út um miðjan næsta mánuð.

Bryndis segir að þótt Bókatiðindi séu ekki hávísindaleg gefi þau nokkuð áþekka sýn á stöðu bókaútgáfu á Íslandi ár frá ári. Ritid er gefið út í um 120 þúsund eintökum og er dreift á öll heimili sem ekki fráboðja sér fjölpost.

„Útgáfan í ár er í heildina áþekkt miðað við síðustu ár ef litid er á fjölda prentaðra titla. Við erum hins vegar að sjá aukningu í útgáfu raf- og hljóðbóka. Annars er þetta frekar stórt íslenskt skáldsagnaár og fræðibækur eru með fjölbreytasta móti.“

Prentaðir titlar í Bókatiðindum ársins eru 610 en Bryndis telur að heildarútgáfa á landinu sé á áttunda hundrad titla. Til samanburðar hafi fjöldi titla farið yfir þúsund rétt fyrir hrun.

„Það sem einkennir stétt bókaútgefenda er óhófleg bjartsýni og ástríða. Þessi bransi er kannski knúinn meira af ástríðu en aðrir bransar.“

Þegar Bryndis horfir yfir útgáfu ársins segir hún margt spennandi í boði. „Þarna eru okkar stóru kanónur en ég hvet fólki líka til að gefa nýliðum tækifæri.“

Þegar kemur að barna- og ungmenningabókum eru titlarnir í ár fleiri í heildina en undanfarin ár. „Það er búin að vera gríðarleg umræða um mikilvægi lesturs, bæði í fjölmiðlum, skólum, stjórnmálum og í



Bryndis Loftsdóttir segir að margt spennandi sé að finna í bókaútgáfu ársins sem telur um 600 prentaða titla. Bókatiðindi koma brátt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Lestur er leikur

Í könnun sem Zenter gerði fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda eftir síðustu jóla kom í ljós að...

mínsta kosti eina bók í jólagjöf. voru 1,4 barna- eða unglingabækur.

■ hver einstaklingur 18 ára og eldri fékk að meðaltali 1,1 bók í jólagjöf en keypti 2,1 bók til gáfa en af þeim

■ hver Íslendingur las að meðaltali rúmlega ellefu bækur á síðasta ári.

samfélaginu. Þarna hefur verið viss hnignun sem við þurfum að snúa við. Það er hægt að greina samtakamatt hvað það varðar í fleiri barnabókattilum.“

Hún segir að fólk vilji gera vel á þessu sviði. „Barnabækur eru flóknar markaðslega séð. Þarna eru tveir markhópar. Fullorðnir sem kaupa bækurnar og börnin sem lesa þær.

Smekkur þeirra fer ekki endilega saman.“

Næsta verkefni Bryndisar eftir að Bókatiðindin hafa komið út er Bókamessa í Hörpu sem haldin verður 24. – 25. nóvember. „Þátttakan í ár er meiri en áður, við höfum aldrei selt fleiri pláss. Það er greinilega hugur í mönnum.“ [sighvatur@frettabladid.is](mailto:sighvatur@frettabladid.is)

## FLÓÐKASTARAR

Rafvirkjar



IP65 IK07 3000K 4000K

**LEDVANCE** OSRAM  
533 1900 | [olafsson.is](http://olafsson.is)

Jóhann Ólafsson & Co

GILDIR 29.10.18

# TAX



# R! LOKADAGUR! LOKADAGUR!

# FREE

# AF ÖLLUM VÖRUM Í ÖLLUM BÚÐUM



AFNEMUM VIRÐISÁUKASKATT  
AF ÖLLUM VÖRUM.  
TAX FREE TILBOÐ  
JAFNGILDIR 19,35%  
AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN  
ER Á KOSTNAÐ  
RÚMFATALAGERSINS.  
VIRÐISÁUKA ER AÐ  
SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ  
TIL RÍKISSJÓÐS.

ERUM Á 6 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - BÍLDSHÖFÐA - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI



Breki Karlsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Breki kjörinn formaður

**NEYTENDUR** Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, var í gær kjörinn formaður Neytendasamtakanna. Breki fékk 53 prósent atkvæða. Samtökin höfðu verið án formanns frá því Ólafur Arnarson sagði af sér formennsku fyrir rúmu ári.

Að sögn Breka mun hann leggja áherslu á þrennt. „Það er í fyrsta lagi innra starf. Þar þurfum við að efla faglegheit og byggja okkar vinnu á gögnum og rannsóknum. Í því skyni þurfum við að störefla neytendarrannsóknir á Íslandi,“ segir hann. Í öðru lagi þurfi að styrkja samband við önnur hagsmunasamtök, bæði heima og í útlöndum, og í þriðja lagi segir Breki að efla þurfi miðlun. „Við þurfum að auka neytendafræðslu og miðla því góða starfi sem Neytendasamtökin eru að vinna.“ – þea

## Íhuga að loka Reykjanesbraut

**SLYS** Erlendur ferðamaður lést í árekstri jeppings og fólkubíls á Reykjanesbraut við Vallahverfið í Hafnarfirði í gærmorgun. Ferðamaðurinn var farþegi í öðrum bílnum. Hann var fluttur á Landspítalann eftir slysið en úrskurðaður látinn þegar þangað var kominn. Ókumenn voru einnig fluttir á slysaðeild. Ekki er talið að þeir hafi slasast alvarlega.

Höpur sem kallar sig Stopp, hingað og ekki lengra íhugar að loka Reykjanesbrautinni til þess að mótmæla því hversu hægt hefur gengið að tvöfalda brautina. Höpurinn hefur itrekað þrýst á stjórnvöld að klára málið. – þea / bsp

## FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Vilja að völlurinn á Höfn verði millilandaflugvöllur

**SAMGÖNGUR** Birta ætti upplýsingar um flugveðurskilyrði á ensku sem og notkunarleiðbeiningar fyrir flugmenn á vefsíðu Veðurstofunnar. Einnig ætti að gera flugvöllinn á Höfn að millilandaflugvelli. Þessar tillögur birti Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) í skýrslu um atvik sem átti sér stað þann 4. júlí 2014 á Austurlandi.

Flugmaður á vél sem hann byggði sjálfur og var að fljúga í kringum

hnöttinn hafði þá flogið frá Vágum á Færeyjum til Egilsstaða. Áður en hann lagði af stað frá Færeyjum hafði hann fengið upplýsingar um að léttskýjað yrði um miðnætti á Egilsstöðum og samkvæmt því sem flugmaðurinn tjáði RNSA mat hann aðstæður nógu góðar til flugs. Vél lenti hins vegar í afar slæmu skyggni yfir Austfjörðum og þar sem hún var ekki útbúin til blindflugs sendi flugmaðurinn út neyðarkall.



Flugmaðurinn átti í basli með að lenda á Egilsstöðum enda var skyggni slæmt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að því er fram kemur í skýrslunni taldi veðurfræðingur að flugvöllurinn á Höfn hefði hentað mun betur til landings þennan dag. Sá flugvöllur er hins vegar ekki millilandaflugvöllur.

Einnig kemur fram að upplýsingar um flugveðurskilyrði birtist eingöngu á íslensku en í upplýsingunum sem birtust þennan dag kom fram að skilyrði yrðu slæm á svæðinu. – þea

# Tekið rúm þrjú ár að afgreiða tillögur innri endurskoðunar

Innri endurskoðun borgarinnar skilaði úttekt um skrifstofu eigna og atvinnuþróunar fyrir rúmum þremur árum. Þrjátíu ábendingar um úrbætur var þar að finna. Áfangaskýrslu starfshóps sem vinnur úr ábendingunum var skilað í sumar. Í skýrslunni segir að borgarstjóri eigi í þó nokkrum samskiptum við skrifstofuna.

**REYKJAVÍK** Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar (IER) skilaði rekstrarúttekt um skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) árið 2015. Sem stendur er unnið að annarri úttekt á starfsemi SEA af sama aðila en að þessu sinni vegna framúrkeyslu við byggingu braggans við Nauthólsveg. Í eldri skýrslunni kemur fram að starfsmenn SEA eigi í „þó nokkrum“ samskiptum við borgarstjóra.

Í skýrslunni eru taldir upp þrjátíu ábendingar um það sem betur mætti fara og eru þær jafn misjafnar og þær eru margar. Í kjölfar þess að skýrslunni var skilað var skipaður starfshópur til að fara yfir ábendingarnar og gera tillögur um úrbætur.

„Ég er ekki með nákvæma tölu um það hvernig stór hluti ábendinganna hefur verið afgreiddur. Ég kom inn í hópinn þegar ég tók við á síðasta ári og það eru útstandandi ýmis af þessum verkefnum. Áfangaskýrslu var skilað í sumar og unnið er að því að stilla allt af,“ segir Stefán Eiríksson borgarritari. Hann tók sæti í hópnum þegar hann tók við sem borgarritari í fyrra.

Stefán segir þá vinnu sem eftir er unna í miklu samráði SEA, fjármálaskrifstofu og umhverfis- og skipulagssviðs (USK). Aðspurður segir hann að búið sé að afgreiða um fjórðung til þriðjung þeirra ábendinga sem fram komu í úttekt SEA.

Í úttekt IER er meðal annars víkið að stjórnskipulegri stöðu SEA. Skrifstofan heyrir undir borgarritara og borgarstjóra. Víkið er að því að engar formlegar verklagsreglur gildi um fyrirkomulag samskipta SEA við aðurnefndu embættin tvö.



Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar vinnur nú að úttekt vegna braggans við Nauthólsveg 100. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ég er ekki með nákvæma tölu um það hvernig stór hluti ábendinganna hefur verið afgreiddur.

Stefán Eiríksson, borgarritari



„Í viðtölum við starfsmenn SEA kom fram að [þáverandi] borgarritari hafi frekar lítil afskipti af SEA, þó einna helst við skrifstofustjóra.

Aftur á móti eru starfsmenn SEA í þó nokkrum samskiptum við borgarstjóra í tengslum við verkefni sem þeir vinna að,“ segir í skýrslunni. Þá segir fyrr í skýrslunni að starfsmenn SEA eigi í miklum samskiptum við borgarstjóra, USK, fjármálaskrifstofu, borgarlögmann og fagsvið.

Aðspurður um hvort breyting hafi orðið á samskiptum SEA við borgarritara og borgarstjóra segir Stefán að hann þekki ekki nákvæmlega samanburðinn á því þar sem hann tók við í fyrra. „Það er ágætis samvinna milli aðila sem hittast reglulega á fundum. Ég held það sé engin grundvallarþreying á fyrirkomulaginu og ekkert óeðlilegt við það.“

„Það er ljóst að IER hefur gert margar athugasemdir við SEA og það er líka ljóst að þeim ábendingum hefur ekki verið sinnt nema að hluta. Þessi strúktúr í borginni er greinilega í ólagi, um það er ekki lengur deilt. Að það taki þrjú og hálf ári að fá formleg viðbrögð er alltof langur tími,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins.

„Ef ekkert hefur breyst varðandi það að borgarstjóri var með afskipti af einstökum verkefnum SEA þá kallar það á spurningar varðandi aðkomu borgarstjóra að þeim verkefnum sem hafa farið fram úr kostnaðaráætlun,“ segir Eyþór. [joli@frettabladid.is](mailto:joli@frettabladid.is)

## DODGE DURANGO GT PREMIUM

dodge.is



### 7 MANNA (SJÖ FULLORÐNIR) LÚXUS JEPPI HLAÐINN BÚNAÐI. ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU

Hentar vel fyrir ferðapjónustuaðila (hægt að fá niðurfellingu vörugjalda). 32" dekk passa beint undir bílinn. 33" breyting kostar kr. 380.000.

STADALBÚNAÐUR GT PREMIUM M.A.: 7 manna og fer vel um fullorðna í þriðju sætaröðinni, fjarstart, leðursæti, lykillaust aðgengi, upphitað stýrishjól, 20" álfelgur, hiti í fram- og aftursætum, 8,4" snerti- upplýsingaskjúr/aksturstölva, minni í bílstjórasæti, útværpi og speglum, rafdrifin framsæti, blindhörnsvörn, þakbogur með innbyggðum þverbogum, rafmagns afturhleri, Beats hljómkerfi með 9 hátalara og bassaboxi, rafdrifin sóllúga o.m.fl. AUKABÚNAÐUR: Bluray DVD kerfi og málmittur.

**ÍSABAND**  
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOG

UMBOÐSADILI DODGE Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
[WWW.ISBAND.IS](http://WWW.ISBAND.IS) • [ISBAND@ISBAND.IS](mailto:ISBAND@ISBAND.IS) • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**DODGE**



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY



NÝR AYGO

KOMASO



VERTU Í SAMBANDI MEÐ SNJALLARI AYGO

Verð frá: 1.930.000 kr.

Nýr AYGO státar af nýju útliti og enn glæsilegra innanrými með beinni tengingu við snjallsímann þinn svo að þú njótir ferðarinnar enn betur.

2 ára þjónustupakki fylgir Aygo



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi  
Fosnesi 14

# NÆST Á DAGSKRÁ

## MÁLÞING UM BÖRN, UNGT FÓLK OG FJÖLMIDLUN TIL FRAMTÍÐAR

Miðvikudaginn 31/10 kl 15–17

Í aðalmyndveri RÚV, Útvarpshúsinu við Efstaleiti

Við bjóðum alla hjartanlega velkomna á málþingið. Fjallað verður um lífsstíl og miðlanotkun yngri kynslóða, stefnu og þjónustu RÚV og framúrskarandi erlendir gestir miðla af reynslu sinni.

Hvaða möguleikar liggja í samstarfi á sviði fræðslu- og menntamála, menningar- og samfélagsmála? Hvaða tækifæri felast í nýrri tækni og hvernig styður RÚV við íslenskt mál?

Fundurinn verður í beinni á RÚV.is og RÚV 2.

Nánari upplýsingar og skráning á [ruv.is](http://ruv.is)

### Dagskrá

15:00 Stutt ávarp

Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra

15:10 Stefna RÚV og miðlanotkun yngri kynslóða

Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri, Hildur Harðardóttir frkvstj. samskipta, notenda og þróunar og Valgeir Vilhjálmsson, markaðsrannsóknastjóri

15:20 Fyrst og fremst í þjónustu við börn og ungt fólk.

Alice Webb, BBC Children  
Hildri Gulliksen, NRK Super

16:00 KrakkaRÚV, RÚVnúll og mikilvægi samstarfs

Sindri Bergman og Sigyn Blöndal, KrakkaRÚV  
Harpa Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri barnamenningar, Reykjavíkurborg

Atli Már Steinarsson og Helga Margrét Höskuldsdóttir, RÚVnúll

16:40 Pallborðsumræður


17:00 Fundarlok

Fundarstjóri Baldvin Þór Bergsson

RÚV

BBC

NRK



Fagsviðsstjóri segir MAST ekki hafa burði til að sinna lögbundnum skyldum um eftirlit með fiskeldi. MYND/JÓN ÖRN

# Ekki mannskapur til að hafa eftirlit með eldi

Á bilinu 300 til 5.000 laxar sluppu úr sjókví í Tálknafirði í júlí. MAST hefur ekki burði til að sannreyna tölur um fjölda laxa í kvinni þegar göt uppögtvuðust, eða fjölda laxa sem drápast eða sluppu. Einn starfsmaður hefur eftirlit með laxeldi.

**FISKELDI** Svo virðist sem hvorki Matvælastofnun né fyrirtækið Fjarðalax, dótturfyrirtæki Arnarlax, viti hversu mikið af laxi slapp úr kví fyrirtækisins í byrjun júlí þegar göt uppögtvuðust á einni kvinni. Fyrirtækið heldur fram að aðeins 300 fiskar hafi sloppið. Aftur á móti veit enginn um aðfrítt hátt í 5.000 laxa.

„Fyrirtækið áætlað að það séu um 300 fiskar sem hafa sloppið. Okkur þykja óvissuþættirnir vera það stórir að við getum ekki áætlað um fjölda fiskna sem farið hafa úr kvinni. Hvort þau séu hundruð eða þúsund,“ segir Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis hjá Matvælastofnun. Slátrun upp úr kvinni lauk í byrjun

þessa mánaðar, um 90 dögum eftir að göt fundust á kvinni. Samkvæmt gögnum fyrirtækisins voru tæplega 153.000 laxar í kvinni þegar óhappið varð. Um 143.000 fiskum var slátrað upp úr kvinni. Fyrirtækið segir tæplega 5.000 fiskar hafa drepið og 300 hafi sloppið. Eftir stendur 4.981 lax sem hvorki drapst, slapp né var slátrað upp úr kvinni og enginn veit um.

Samkvæmt tölum fyrirtækisins drapst 4.651 fiskur. Það gerir um 1.500 fiskar á mánuði á tímabilinu. Ef hver fiskur var 4 kíló að meðaltali hafa tæp 18,6 tonn af fiski drepið í kvínum á þremur mánuðum.

Erna telur Matvælastofnun ekki í stakk búna til að sinna skyldum

sínum um eftirlit með fiskeldi. Efla þurfi stofnunina. Um 60 aðilar hafi rekstrarleyfi til fiskeldis einungis einn starfsmaður vinni við eftirlit.

„Fyrst og fremst verðum við að fá inn fjármagn til að ráða starfsfólk til að auka eftirlit með fiskeldi. Til viðbótar, ef frumvarp um fiskeldi sem stendur til að leggja fyrir þingið á næstunni verður að lögum, munum við fá aukin verkefni, til dæmis mánaðarlegar upplýsingar frá fiskeldisfyrirtækjum og við þurfum auðvitað mannskap til að yfirfara þessar tölur. Eins og staðan er í dag er ég ein í þessu starfi sem er bagelegt fyrir stofnun með alla þessa ábyrgð,“ segir Erna. [sveinn@frettabladid.is](http://sveinn@frettabladid.is)

### Atburðarásin

#### Sumarið 2014

■ Eldislax sleppur frá Fjarðalaxi í Patreksfirði. Samkvæmt rannsókn Veidimálastofnunar fyrir Fiskistofu á þeim löxum sem veiddust í Patreksfirði það sumar eru líkur á að laxarnir hafi komið úr fleiri en einni slysa-sleppingu.

#### Sumarið 2016

■ Nokkurt magn regnbogasilungur veidist í ám á

Vestfirjörðum auk þess sem hann veidist í Vatnsdalsá, Haffjarðará og í Hitará á Mýrum í Borgarfirði. Málið kært til lögreglu.

#### Febrúar 2017

■ Göt finnast á kví Arctic Sea Farm í Dýrafirði. Ekki ljóst hversu mikið af fiski slapp út í lífríkið. Matvælastofnun rannsakar málið.

#### Febrúar 2018

■ Slysh hjá Arnarlaxi

þar sem eldiskví með um 500 tonnum af eldislaxi marar í hálfu kafi í Tálknafirði. Göt reynast svo á kvinni þegar hifa þarf hana upp til viðgerðar. Færa þarf lax á milli kvía og drepast um 50.000 laxar í þeirri aðgerð. Forsvarsmenn fyrirtækisins vörðkenna þau mistök að tilkynna Umhverfisstofnun ekki um óhöpp.

#### Júlí 2018

■ Göt finnast á kví Arnarlax í Tálknafirði. Óvíst er hversu mikill fiskur slapp á haf út.

#### September 2018

■ Regnbogasilungur sleppur úr eldisstöð á Húsavík og í fráveitukerfi. Ekki vitað hvort fiskur hafi náð á haf út en líkur benda til þess.

#### 26. október 2018

■ Ljóst þykir að

mikið magn eldislax hafi sloppið úr kví Fjarðalax í Tálknafirði í júlí. Fyrirtækið telur að um 300 fiskar hafi sloppið. Matvælastofnun getur ekki sannreymt þá tölu og telur jafnframt að fjöldi fiskna sem slapp sé umtalsvert hærrí. Tæplega 5.000 fiskar drápast í sumar og haust samkvæmt fyrirtækinu.

### Tölur úr bókhaldi fyrirtækisins

- 152.916 eldislaxar voru í sjókví Fjarðalax í Tálknafirði áður en slysa-sleppingin varð í byrjun júlí. (Óyfirfarnar gögn frá Arnarlaxi)
- 143.284 löxum var slátrað upp úr kvinni, slátrun lauk í byrjun október. (Óyfirfarnar upplýsingar frá Arnarlaxi)
- 4.651 lax drapst í þessari einu kví á slátrutímabilinu. (Óyfirfarnar upplýsingar frá Arnarlaxi)

= Ekki vitað um aðfrítt 4.981 lax á þessu tímabili

### Svör Arnarlax

Samkvæmt Arnarlaxi hafa fáir fiskar sloppið. Mun fleiri fiskar hafi drepið og leyst upp í sjónum. Þetta kemur fram í skýrslu Arnarlax til Matvælastofnunar, þann 9. október síðastliðinn.

„Fiskur er fljótur að rotna, þar sem það tók langan tíma að fjarlægja öll afföll í kringum atburðarásina í febrúar og má þá gera ráð fyrir því að eitthvað af afföllunum hafi einfaldlega leyst upp,“ segir í skýrslunni.

DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI OPIÐ ALLA VIKUNA TIL 18:00

TILBOÐ

## HLEÐSLUSETT 6 VÉLAR 18V

18v sett í þremur töskum  
Settið inniheldur:  
Fjölnota sög  
Hjólsög  
Slípirokk  
Borvél  
SDS + Borvél  
Skrúf vél  
Hleðslutæki  
3x Rafhlöður 18v 5 Ah

vnr 94DCK654P3T

162.000 m/vsk

Fullt verð 197.894



TILBOÐ

## LASER TVEGGJA LÍNU

nákvæmni allt að  $\pm 0,3$  mm/m.  
Sjáanleiki innandyrna: 10 m

vnr 94DW08BK

32.000 m/vsk

Fullt verð 41.900



TILBOÐ

## HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvær 18v 1.5Ah rafhlöður  
60 Nm hersla  
Tveggja gíra  
13 mm patróna  
T-STAK taska

vnr 94DCC790S2

32.850 m/vsk

Fullt verð 40.061



TILBOÐ

## SLÍPIROKKUR 1500W

vnr 94DWE560

23.387 m/vsk

Fullt verð 30.687



TILBOÐ

## GEIRUNGSSÖG

vnr 94DWS774

53.381 m/vsk

Fullt verð 59.807



TILBOÐ

## STINGSÖG 18V

Afi: 400W  
Þyngd: 3,1kg  
Hraði: 0-3000 sl/mín.  
Flýtilsun á blaði  
Slaglengd: 26mm

vnr 94DCS331N

29.377 m/vsk

Fullt verð 36.721



TILBOÐ

## HÖGGBORVÉL SDS+ 18V

Rafhlöðugerð: 18v  
Höggþungi: 2,6J  
Mesta borun í steypu: 26mm  
Kemur í tösku.  
Kemur án rafhláðna og hleðslutæki.

vnr 94DCH133NT

35.387 m/vsk

Fullt verð 42.437



Tilboð gilda frá 29. október - 2. nóvember eða á meðan birgðir endast

www.sindri.is / sími 575 0000

Skútuvogi 1 - Reykjavík | Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SINDRI

# Eigandi Leicester í þyrllu sem hrapaði

Fimm voru í þyrllunni sem hrapaði fyrir utan leikvang Leicester City á laugardaginn. Knattspyrnuheimurinn harmi sleginn eftir slysið. Ekkert orðið opinbert um ástand fimmmenninganna. Frá því Vichai keypti félagið fyrir átta árum hefur það unnið ótrúleg afrek.

**BRETLAND** Vichai Srivaddhanaprabha, hinn tailenski eigandi fyrir-tækisins King Power sem á enska knattspyrnufélagið Leicester City, var um borð í þyrllu sem hrapaði fyrir utan King Power-leikvanginn í Leicester eftir leik félagsins við West Ham United í ensku úrvalsdeildinni á laugardaginn. Ásamt honum voru dóttir hans, tveir flugmenn og einn annar sem ekki er orðið opinbert hver er um borð. Reuters greindi frá í gær og hafði eftir heimildarmönnum. Enn hefur ekkert verið gert opinbert um aðdrif fimmmenninganna.

Sá orðrómur hafði verið á kreiki að Claude Puel, knattspyrnuþjálfari Leicester City, og Gareth Southgate, sem stýrir enska landsliðinu, hefðu verið í þyrllunni. Það reyndist rangt.

Eigandinn ferðast venjulega með þyrllu á leiki liðsins og tekur þyrllan síðan á loft af grasinu eftir leikinn. Samkvæmt því sem sjónarvottar hafa sagt um slysið var þyrllan rétt komin upp fyrir stúkuna þegar hún fór að ríða til í loftinu. Síðan brotlenti hún á bilastæði fyrir utan leikvanginn. „Á fæcinum sekúndum hrapaði þyrllan til jarðar eins og grjót. Sem betur fer snerist hún í loftinu í dálitinn tíma þannig að fólk á jörðu niðri gat forðað sér,“ sagði einn sjónarvotta við Reuters.

Stuðningsmenn Leicester og raunar knattspyrnuheimurinn allur er í sárum vegna slyssins. Fjölmargir hafa safnast saman fyrir utan King



Stuðningsmaður Leicester City krýpur við lítið Búdðalíkneski fyrir utan leikvang knattspyrnuliðsins. NORDICPHOTOS/AFP

Power-leikvanginn, lagt þar blóm-sveiga og beðið fyrir heilsu fimm-menninganna. Þá hafa margar af skærustu stjórnnum knattspyrnunnar tjáð sig um málið á samfélagsmiðlum.

Leikmenn Leicester City hafa flestir birt tíst með tjáknum (e. emojis) sem sýna spennar greipar. Það hafa til dæmis varnartrólli Harry Maguire og sóknarmaðurinn Jamie Vardy,

sem var lykilmáður í óskubusku-ævintýrinu þegar liðið vann úrvalsdeildina afar óvænt árið 2016, gert.

„Ég svaf varla neitt í nótt. Þessi maður hefur fært okkur upp úr annarri deild og gefið okkur von. Án hans værum við ekki í úrvalsdeildinni. Hver veit hvar við værum? Hann hefur haft mikil áhrif á líf allra herna í borginni,“ sagði Daniel Connell, átján ára stuðningsmaður Leicester

City, við blaðamann The Guardian fyrir utan leikvanginn.

Ian Stringer, íþróttablaðamaður BBC, sagði andrúmsloftið á vellinum drungalegt í kjölfar slyssins. „Ég hef séð starfsfólk og liðsmenn hér tárvtu í kvöld. Það ríkir þögn. Fólk horfir í kringum sig, grætur og veit ekki hvað það á að gera,“ skrifaði Stringer á laugardagskvöld.

thorgnyr@frettabladid.is

## Óskubuskuævintýrið

Eftir að hafa rétt svo sloppið við fall úr úrvalsdeildinni var knattspyrnuþjálfari Nigel Pearson rekinn árið 2015 og Claudio Ranieri ráðinn í hans stað. Ráðningin var umdeild enda hafði Ranieri nýlega verið rekinn úr starfi knattspyrnuþjálfara griska landsliðsins. Hafði liðið annars tapað fyrir Færeyjum.

Væntingarnar voru því ekki miklar. Mikíð hefur verið fjallað um að veðbankar hafi gefið stuðulinn 5000/1 á að Leicester City ynni deildina. Líkurnar voru því taldar minni en á að Elvis Presley fyndist á lífi eða að geimverur lentu á jörðinni.

En Leicester City byrjaði tímabilið af krafti og vann og vann. Vinsældir Ranieri jukust og var til að mynda fjallað um það þegar hann verðlaunaði varnarvinnu liðsins með pitsuveislu.

Það voru svo fráfarandi meistaranir í Chelsea sem tryggðu Leicester City titilinn. Þeir náðu að vinna upp tveggja marka mun og gerðu 2-2 jafntefli við Tottenham Hotspur, sem var í öðru sæti í deildinni, og voru því ekki nógu mörg stig eftir í pottinum fyrir Spurs til að hirða efsta sætið af Leicester City.

## ALLT HEFUR BREYST REGLUVERK OG EFTIRLIT Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

Opinn fundur í Hátíðasal Háskóla Íslands  
þriðjudaginn 30. október kl. 12-13



**Alin Iacob**  
frá Better Finance  
talar um Evrópu



**Jón Þór Sturluson**  
aðstoðarforstjóri FME  
talar um Ísland

Allir velkomnir!



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIDSKIPTAFRÆÐIÐEILD

BETTER FINANCE

Samtök  
sparifjáreigenda

ALDREI AFTUR! - FUNDARÖÐ SAMTAKA SPARIFJÁREIGENDA



Bowers er ákærður fyrir að hafa myrt ellefu sóknarbörn. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ákærði tjáði oftsinnis hatur sitt á gyðingum

**BANDARÍKIN** Robert Gregory Bowers, sem var handtekinn á laugardag og er ákærður fyrir að hafa myrt ellefu sóknarbörn í samkunduhúsi gyðinga í bandarísku borginni Pittsburgh, tjáði megn hatur sitt á gyðingum bæði á meðan hann á að hafa verið að skjóta á gyðinga í sýnagógunni og við lögreglu-menn eftir að hann var handtekinn. Þetta segir í ákærðunni sem birt var í gær og er þar meðal annars haft eftir Bowers: „Ég vildi bara drepa gyðinga.“

Auk þess að vera ákærður í ellefu liðum fyrir „tálmun á trúfrelsi með banvænum afleiðingum“ er Bowers meðal annars ákærður í ellefu liðum fyrir að hafa notað skotvopn í ofbeldisskyni og fyrir að hafa sært sex með byssu sinni.

Scott Brady saksóknari sagði á blaðamannafundi í gær að Bowers færi fyrir dóm í dag. „Það að árásin átti sér stað á meðan guðsþjónusta

fór fram gerir glæpinn enn svivirðilegri,“ sagði Brady.

Tvö hinna særðu voru enn í lífs-hættu í gær. Þrjú, þar af einn lög-regluþjónn, voru enn á sjúkrahúsi en ekki í lífs-hættu og einn lög-regluþjónn til viðbótar hafði verið útskrifaður af sjúkrahúsi.

Bowers hafði áður margsinns tjáð andúð sína á gyðingum á valdar-vefnum. Samkvæmt Reuters hafði hann meðal annars gagnrýnt Donald Trump forseta fyrir að koma ekki í veg fyrir að gyðingar „sýktu“ Bandaríkin. Á laugardagsmorgun, áður en Bowers á að hafa gert árásin, setti hann inn færslu þar sem hann sak-aði Hebrew Immigrant Aid Society, samtök til hjálpar flóttamönnum sem eru gyðingar, um að flytja inn morðingja til Bandaríkjanna. „Ég get ekki bara sétið hjá og horft upp á þá slátra fólkinu mínu. Til andskotans með hvernig þetta litur út, ég ætla að gripa til aðgerða.“ – þea





# Nýr **CR-V**

**Komdu og reynsluaktu  
söluhæsta sportjeppa heims\***



\*Heimild: JATO Dynamics (Súlufréttir) Janúar 2015 - desember 2017. Markaðir eru EÚ - EFTA, MFTA, Kína, Japan, Bessía, Rússland, Indónesía, Australía, Argentína, Suðaustur-Kína, Ítalía og Víetnam.



**HONDA**

**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagördum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • [www.honda.is](http://www.honda.is)

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bíliver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# SKOÐUN

FRÉTTABLAÐIÐ

## Stéttastrið



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is

Svo sannarlega er það hlutverk verkalyðshreyfingar að beita sér fyrir því að leiðrétta kjör þeirra sem lægstu launin hafa. Mikilvægt er að slíkar kröfur séu raunhæfar svo þær komi að raunverulegu gagni. Þær mega ekki snúast í höndum þeirra sem setja þær fram og leiða til þess að staða fólks sem á að hjálpa verði í engu betri en hún var, jafnvel verri. Þetta verða nýir leiðotogar verkalyðshreyfinganna að hafa í huga. Þeir verða að hafa jarðsamband, en lífa ekki í draumörum um byltingu öreiganna og skjálfaði borgarastétt.

Nú er niðursveifla í þjóðfélaginu, fyrirtæki standa ekki jafn vel og áður og eru að draga saman seglin. Þau mega ekki við stóruknum launakostnaði. Aukin hættu er á að verðbólgan fari á skrið, nokkuð sem almenningur má vart hugsa til. Staðan er ofurviðkvæm, eins og flestum er ljóst. Samt ekki verkalyðshreyfingunni. Því miður ber á því að hún hafi mun meiri áhuga á að fara með frasa úr Kommúnistávarpinu en sýna ábyrgð í kröfugerðum sínum. Þannig er úr hennar ranni hvað eftir annað talað af fyrirleitningu um borgarastétt og atvinnurekendur. Þetta er talsmáti gamals tíma sem runnið hefur sitt skeið. Ekki verður annað séð en að verkalyðsforingjarnir séu að eyða mikilli orku í tilraun til að vekja upp vofu kommúnismans, sem fólki í landinu hefur engan áhuga á að leggja lag sitt við.


Það er óskandi að verkalyðsleiðotogar landsins átti sig á því að þjóðin er ekki á hnjanum grátbiðjandi um sósíalisma. Þeir eiga að hætta að stunda gamaldags baráttuáferðir sem felast í því að skilgreina atvinnurekendur sem óvini fólksins. Þeir eru það ekki. Tilraunir til að koma á stéttastriði munu ekki takast. Almennur er skynsamari en svo að hann láti etja sér út í slíkt.

Með því er ekki sagt að allt sé í himnalagi í íslensku þjóðfélagi. Það er óliðandi að stór hópur fólks geti ekki keypt sér húsnæði og þurfi að sætta sig við að borga okurleigu í hverjum mánuði. Sömuleiðis er fólki ætlað að sætta sig við að vextir í landinu eru alltof háir. Óþolandi er svo að horfa upp á fólk, sem er á himinháum launum, taka sér ofurbónusa án þess að blikna. Þar fer lítið fyrir samfélagsábyrgð en græðgin og skortur á sómakennd fer ekki framhjá neinum.

Hið sameiginlega markmið allra, þar á meðal atvinnurekenda og verkalyðshreyfingar, hlýtur að vera að verðbólguþráurinn fari ekki á stjórta með tilheyrandi hörmungum fyrir almenning í landinu. Sömuleiðis að atvinnuleysi fari ekki vaxandi. Í þessum málum hefur verkalyðshreyfingin ekki efni á að sýna kæruleysi, en því miður virðist hún einmitt vera að koma sér í þær stellingar. Hún setur fram óraunhæfar kröfur og ætlar í ofsafengió stéttastrið. Tilgangurinn virðist vera að valda sem mestum usla í þjóðfélaginu. Vitanlega er þjóðin ekki spurð hvað hún vill. Hinir byltingarsinnuðu verkalyðsleiðotogar eru svo sannferðir um málstaðinn að þeim er nákvæmlega sama um vilja hennar. Satt best að segja verður ekki séð að hin nýja verkalyðsforysta sé að vinna þjóðinni mikió gagn.

Það er óskandi að verkalyðsleiðotogar landsins átti sig á því að þjóðin er ekki á hnjanum grátbiðjandi um sósíalisma.

## Haldór



## Frá degi til dags

**Andersen-vikan**  
Sigríði A. Andersen dómsmálaraðherra er svo lagið að æsa fólk upp að eiginlega er um náðargáfu að ræða. Svo vasklega yfir hún skrautfjárör andstæðinga sinna að hún hlýtur beinlínis að þrífast á neikvæðri athygli. Víkulokinn á Rás 1 tóku þannig af öll tvmáli um að Sigríður átti vikuna skuldlaust. Gestir þáttarins eyddu nákvæmlega 45 mínútum af um það bil 60 í að fátast yfir Sigríði og meiningu hennar um kynbundinn launamun, deilur um skipan dómara við Landsrétt og breytingar á lögum um birtingu dóma. Fáheyrður árangur í yfirtöku á pólitískri umræðu.

**Egill Springer**  
Egill Helgason er einn allra flinkasti spjallþáttastjórnandinn í íslensku sjónvarpi og enginn kann þá kúnst betur að velja viðmælendur. Eiginlega ber það vott um útsmogna snilligáfu að láta þá Gunnar Smára Egilsson og Stefán Einar Stefánsson sitja hlið við hlið eins og Egill gerði í Silfrinu gær. Auðvitað hlaut að sjóða upp úr og snerra sósíalístans og hægrí síðfræðingsins var besta skemmtiefni helgarinnar. Frábært sjónvarp. Eini ljóðurinn á ráði hins reynda Egils var að róa kempurnar þegar kolin voru orðin vel grá. Þar hefði hann heldur átt að fara að daemi Jerry Springer og sula meiri grillvökva. thorarinn@frettabladid.is

## Laun í öðrum gjaldmiðli?



Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson  
verslunarmaður

Það er glapræði að taka lán í annarri mynt en þeirri sem þú hefur tekjur í. Þessi orð heyrðust oft í kjölfar efnahagshrunsins þegar margir sáu lán sín tvöfaldast við hrún krónunnar. En er einhver munur á því í dag að taka lán í erlendri mynt og verðtryggu íslensku krónunni?

Þegar krónan lækkar gagnvart helstu viðskiptamýntum þá hækka innkaupsverð að neysluvörum þar sem nánast allt er innflutt. Allir sem koma að innflutningi og sölu á innfluttri neysluvöru á Íslandi hafa töl til að bregðast við slíkum sveiflum, þeir einfaldlega hækka verð sem um nemur og í leiðinni tekur verðtryggingin við sér og hækka verðtryggð lán og leiguverð.

Það geta allir brugðist við nema hinn almenni launþegi. Hann getur ekki brugðist við sveiflum og „hækkað verð“ með litlum fyrirvara. Launin eru ekki verðtryggð.

Ög hvað gerist þá? Kjarasamningar fara upp í loft með tilheyrandi átökum á milli hagsmunaaðilanna, launþega og atvinnurekenda.

Þetta er eins og vera með laun í öðrum gjaldmiðli. Íslensk heimili eru spákaupmenn á gjaldeyrismarkaði og veðja stöðugt á að krónan styrkist. Spákaupmenn taka á sig mikla áhættu í von um mikinn gróða en líklegri er að þeir tapi. En í tilfelli íslensku heimilanna þá eru þau tilneydd í þessi viðskipti og þau tapa alltaf því aldrei hefur krónan styrkst til lengri tíma. Það má auðveldlega sjá á gengisþróun krónunnar frá upphafi.

Ef tekin væri upp erlend mynt, svo sem evra, þá myndu þessar sveiflur vera færðar frá hinum almenna launþega. Verð að neysluvörum yrði stöðugra og laun heldust í hendur við neysluverð og verðtryggingin hyrfi. Ög átök á vinnumarkaði yrðu mun minni.

Af hverju eiga heimili, sem almennt eru áhættufælin, að taka á sig allar gjaldeyrissveiflur íslensku krónunnar?

Það geta allir brugðist við nema hinn almenni launþegi.



## MASTER HITBLÁSARAR

Þessir einu sönnu gæða hitblásarar. Þjóðum úrval alvöru hitblásara bæði fyrir gas og diesel/steinolíu. Eigum líka hitastilla fyrir MASTER hitblásara. Viðurkennd viðgerða- og varahlutajónusta.

**PÓR** **Þ**  
 Reykjavík: Kópavogur: Akureyri: Ópnumartími: Vefsiða og netverslun:  
 Kópavogur 14: Kópavogur 14: Akureyri 8: Ókeypis ávik á daga: 24/7  
 110 Reykjavík 603 Akureyri 84 81 800 - 1800 www.por.is  
 Sími 568-1500 Sími 568-1555 Ókeypis um helgar

# Slagurinn á McDonald's

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Éitthvað það rosa-legasta sem ég hef orðið vitni að á ævinni eru slagsmál dragdrottninga og nýnasista á McDonald's í Covent Garden í London um miðja nótt einhvern timann í kringum árið 2000. Vinahópurinn fór oft út að skemmta sér á næturklúbbi fyrir samkynhneigða þarna í hverfinu. Hann hét Heaven. Einn af okkur var ljósamaður þar. Við fengum því ókeypis inn og framfyrir í röð, sem þóttu mikil gæði á námsárum. Kynhneigð var aukaatriði. Eina laugardagsnóttina eftir gott skrall vorum við stödd nokkur úti á götu fyrir framan þennan McDonald's stað og allt í einu gerðist þetta. Staðurinn sprakk. Allt logaði í slagsmálum. Um það bil tíu dragdrottningum af Heaven lenti saman við álika marga svartklædda og krúnurakaða nýnasista í tryllingslegum hópslagsmálum. Stólar og borð flugu. Hnefar voru á lofti. Gestir hlupu út í offorsi. Starfsmenn þutu um ráðalausir. Löggubíla dreif að.

Ein mynd er mér svo í fersku minni frá þessum atburði — þaðan sem ég horfði agndofa hinum megin við götuna, inn um gluggann — að hún er eins og málverk í huganum. Stór og sterklegur klæðskiptingur með síða svarta hárkollu, í glimmertoppi, stuttu þröngu pils og háum leðurstígvélum stendur uppi á borði og sveiflar stól í áttina að hópi nýnasista sem nálgast hann eins og hoppandi púkar. Hann stóð þarna eins og leiðtogi hins frjálslýnda heims, studdur hópi klæðskiptinga fyrir aftan sig. Karlar í pils, háum hælum, sokkum, sokkaböndum, í brjóstahöldurum og stífmálaðir í framan stóðu þarna í fylkingu eins og umburðasveit mannréttinda og framvörðarlyndis, gegn hatrí. Nasistarnir allir svartklæddir. Allir krúnurakaðir. Allir eins. Hvað aflsmuni varðaði virtist þetta jafn slagur. Ég verð þó að viðurkenna að það hefur ætíð verið mér uppörvand og á einhvern hátt ánægjuleg staðreynd að klæðskiptingarnir gáfu nákvæmlega ekkert eftir. Ekki tommu. Nasistarnir fengu að finna fyrir því.

Enginn meiddist alvarlega. Lögreglan náði að skakka leikinn. Allt í einu, jafn skyndilega og allt þetta hófst, færðist ró yfir svæðið. Margir voru eftir sig. Einn gestur á staðnum, hvorki klæðskiptingur né nasisti, sagði okkur hvernig þetta hafði byrjað. Eftir taumlausan hatursróðaflaum frá nýnasistum, móðganir og ögranir, sprungu drottningarnar og svöruðu fyrir sig. Framhaldið sáum við.

## Hin eilífa orrusta

Þessi atburður hefur ætíð fylgt mér í huganum, vaxið þar og dafnað. Smám saman hefur það orðið mér ljóst að þarna varð ég vitni að smárrí en kristaltærri útgáfu af nákvæmlega þeirri orrustu sem alltaf virðist eiga sér stað í heiminum, aftur og aftur. Sífellt og endalaust. Þetta er baráttan sem ætíð þarf að heyrja, virðist vera, fyrir mannréttindum, frelsi, umburðarlyndi og víðsýni. Fyrir því að fólk fái að vera það sem það er, óáreitt. Þetta er stríðið gegn hatrínu, forræðisbyggjunni, fordómunum og kúguninni. Skrifaði ekki hinn merki sagnfræðingur



Hér á Íslandi finnst mér sífellt eitthvert fólk reyna að espa alls konar hópá upp í stríð og skæting gegn hver öðrum. Konur gegn körlum. Verkalýður gegn auðvaldi. Vinstri menn gegn hægri mönnum.

Bolsonaro, hommafóbia hans og kvenfyrirlitning hefur hlotið rifandi hljómgrunn. Í Bandaríkjunum eys Trump hinu sama yfir land og lýð. Víða í Evrópu — meira að segja á Norðurlöndum — skýtur kynþáttahyggja aftur róttum. Því segi ég þetta: Í rifrildum á Facebook hér á Íslandi um alls kyns fánýta hluti ætla ég ekki að taka þátt. En bærst mér hins vegar herkvaðning frá klæðskiptingum til orrustu gegn nasistum skyldi ég keiur smella mér í pils og leðurstígvél og storma inn á vígvöllinn stífmálaður í framan í nafni mannréttinda.



**Stór og sterklegur klæðskiptingur með síða svarta hárkollu, í glimmertoppi, stuttu þröngu pils og háum leðurstígvélum stendur uppi á borði og sveiflar stól í áttina að hópi nýnasista sem nálgast hann eins og hoppandi púkar.**

Eric Hobsbawm einmitt þykka bók — Age of Extremes — um það hvernig seinni heimsstyrjöldin var háð um þessi gildi? Frelsið gegn fordómunum. Lýðræðið gegn einræðinu. Klæðskiptingar gegn nasistum. Og mikið rosalega munaði litlu að hatríð ynni. Það getur ennþá unnið.

## Fánýt stríð

Hér á Íslandi finnst mér sífellt eitthvert fólk reyna að espa alls konar hópá upp í stríð og skæting gegn hver öðrum. Konur gegn körlum. Verkalýður gegn auðvaldi. Vinstri menn gegn hægri mönnum. Ég verð oft ringlaður á þessu. Ég finn mig engan veginn í þessum dílkadráttum. Mér finnst Ísland vera fámenn eyja þar sem er jú fullt af viðfangsefnum. Alls konar úrlausnarefni. Það þarf að gæta að jöfnuði. Það þarf að passa að hér ríki jafnrétti kynja. Við viljum ekki fávítaskap. Við þurfum að tala betur saman. Leita lausna. Mér finnst þetta eiginlega svo borðleggjandi að ég nenni ekki að rifast um það.

Aðeins ein barátta milli hópá og lífsgrilda þeirra finnst mér vera raunveruleg. Hún á sér stað í heiminum öllum. Ég er óendanlega stoltur af því að Ísland tilheyrir hópi ríkja þar sem mannréttindi eru í hávegum höfð og frjálslýndi ríkir. Fólk getur verið það sjálf. En þetta er ekki alls staðar svona. Og blikur eru á lofti.

Talsmenn hatus og fordóma eru að ná föfestu víða. Þegar þetta er skrifað standa forsetakosningar yfir í Brasilíu. Hatusaráður

## NOTICE OF REDEMPTION OF SHARES IN CCP EHF.

